



# FJÁRMÁLAEFTIRLITID

THE FINANCIAL SUPERVISORY AUTHORITY, ICELAND

## Forstjóri Fjármálaeftirlitsins – drífandi leiðtogi

### Stjórn Fjármálaeftirlitsins (FME) auglýsir laust til umsóknar starf forstjóra FME.

Forstjóri FME er leiðtogi stofnunarinnar og talsmaður. Forstjóri er leiðandi í mótun trausts fjármálakerfis á Íslandi.

Meðal þess sem forstjóri ber ábyrgð á er:

- Starf FME við eftirlit á fjármálamarkaði
- Stjórnun og daglegur rekstur FME
- Samskipti við eftirlitsskylda aðila
- Samskipti við stjórnvöld og aðra sem eiga hagsmuni af virku fjármálaeftirliti
- Þátttaka í alþjóðlegu samstarfi eftirlitsaðila á fjármálamarkaði

Forstjóri FME þarf að hafa góða þekkingu á viðfangsefninu, hafa til að bera eldmóð, festu og áráðni til að standa vörð um skyldur stofnunarinnar auk þess að hafa hæfileika til að hvetja starfsmenn til dáða og virkja þá í starfi. Horft er sérstaklega til eftirtalinna eiginleika:

- Framúrskarandi leiðtoga- og samskiptahæfileikar
- Háskólamenntun sem nýtist í starfi
- Þekking og starfsreynsla á fjármálamarkaði
- Þekking og reynsla af stjórnunarstörfum
- Hæfni til tjáningar í ræðu og riti á íslensku og ensku
- Heiðarleiki, staðfesta og lifandi áhugi á þróun fjármálamarkaða

Stjórn FME hefur mótað skýrt, faglegt og vandað ráðningarferli. Matsnefnd skipuð þremur einstaklingum mun meta hæfni og hæfi umsækjenda og skila greinargerð til stjórnar FME, sem ræður í starfið. Áhugasamir eru hvattir til að kynna sér ferlið á vef Fjármálaeftirlitsins, [www.fme.is](http://www.fme.is). Aðalsteinn Leifsson ([al@ru.is](mailto:al@ru.is)), stjórnarformaður FME, veitir nánari upplýsingar um starfið. Kjararáð ákvarðar laun forstjóra FME.

Allir áhugasamir eru hvattir til að skila ítarlegri ferilskrá ásamt kynningarbréfi, þar sem gerð er grein fyrir ástæðum umsóknar og fram kemur rökstuðningur fyrir hæfni í starfið, á netfangið [fme@capacent.is](mailto:fme@capacent.is). Umsóknarfrestur er til loka dags 20. maí 2012.

Fjármálaeftirlitið er lykilstofnun í íslensku efnahagslífi og samfélagi. Innan þess fer nú fram mikið uppbyggingar- og umbótastarf sem miðar að því að styrkja eftirlit og taka þannig þátt í að byggja upp traust og trúverðugt fjármálakerfi á Íslandi.